

bœnda
FERÐIR

AÐVENTUPRÝÐI Í PRAG



28. nóvember – 1. desember 2025
Fararstjóri: Pavel Manasek

Aðventuferð
Tékkland | Þýskaland

Ferðalýsing

Aðventan í gullborginni **Prag** í Tékklandi er yndisleg. Ljósadýrðin á þessum tíma er töfrum líkust og mikil jólastemning ríkjandi. Menning, listir og dulúð miðalda setja svip sinn á þessa dýrðlegu borg sem iðar af mannlífi og einkennist af glæstum byggingum, **Karlsbrúnni**, **Hradčany kastalanum**, gamla ráðhúsinu með stjörnuúrinu, kirkjum, listasöfnum, kristal og litskrúðugum verslunum. Á aðventunni er Prag einstaklega heillandi, lífleg aðventustemning um alla borg og óskaplega margt að skoða og upplifa. Jólamarkaðirnir í Prag eru með þeim mest heillandi í gjörvallri Evrópu. Dýrðin lætur ekki á sér standa og ilmurinn af steiktum pylsum, jólagluggi, ristudum möndlum og ýmsum öðrum kræsingum svífur um loftin.

4 dagar | 3 nætur



28. nóvember | Flug til Prag í Tékklandi



Brottför frá Keflavík kl. 7:20. Mæting í Leifsstöð um 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Prag kl. 12:00 að staðartíma. Við höldum inn í þessa yndisleg borg þar sem við gistum í þrjár nætur á vel staðsettu hóteli.

29. nóvember | Skoðunarferð í Prag

Fyrri part dags verður farið í skoðunarferð um þessa heillandi höfuðborg Tékklands. Íbúar borgarinnar eru 1,2 milljónir en Prag hefur um aldir verið ein helsta menningarmiðstöð Evrópu. Farið verður að Karlsbrúnni, ráðhúsinu með stjörnuklukkunni, í gyðingahverfið og á Wenceslas torgið svo eitthvað sé nefnt. Upplagt er að enda ferðina á aðventumarkaðinum við ráðhúsið. Þar er að finna handverk, skreytingar og úrval ýmiss konar varnings sem hentar vel í jólapakkana. Einnig má fá innsýn í matarmenningu borgarinnar en í boði eru fjölbreyttar freistingar í mat og drykk. Þar má nefna Trdelník, sem er sætabrauð, vánočka, jólabrauð Tékka, hunangsvínið medovina og jólakökuna Medovník, grillaðar pylsur sem nefnast Klobása, vinsælt flatbrauð með áleggi, Langoš, steiktur ostur sem er einstakur götumatur í Tékklandi og jólagluggina svařák. Það fer enginn svangur eða þyrstur heim af jólamarkaðinum.



30. nóvember | Frjáls dagur



Við njótum dagsins í þessari fögru og heillandi borg. Upplagt er að skoða sig betur um í borginni og kanna líf bæjarbúa á aðventunni. Um kvöldið er sameiginlegur kvöldverður á veitingastað frá 13. öld sem stendur við ráðhústurninn, en ein af frægustu stjörnuklukkum veraldar prýðir turninn.

1. desember | Heimferð frá Prag

Eftir indæla og skemmtilega ferð verður ekið á flugvöllinn í Prag. Brottför þaðan kl. 12:55 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Hótel

- ✓ Hotel Century Old Town Prague - MGallery

Verð

169.900 kr. á mann í tvíbýli | 40.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hóteli.
- ✓ Einn kvöldverður á hóteli.
- ✓ Einn kvöldverður á veitingastað frá 13. öld við ráðhústurninn.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir, kláfa og kirkjur.
- ✓ Siglingar og vínsmökkun.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Einn kvöldverður.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Aðgangur í gullgötuna og Hradčany kastalann ca € 13.



Nánari upplýsingar

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.